

# Ísland ljóstengt 2017

## Fyrirspurnir sem bárust fyrir 5. janúar 2017 og svör við þeim

### Spurning 1:

Er munur á fyrirkomulagi og skilmálum vegna styrkúthlutunar á grundvelli Ísland ljóstengt vegna 2016 og 2017?

Svar 1:

Já, það er talsverður munur á skilmálum milli ára. Mikilvægt er að þeir sem koma að undirbúningi og gerð styrkbeiðna kynni sér vel nýja skilmála og umsóknarform vegna 2017.

### Spurning 2:

Verða sveitarfélög sem sóttu um og fengu styrk vegna ljósleiðarauppbyggingar 2016 að senda að nýju öll gögn sem beðið er um vegna A hluta umsóknarferlis vegna 2017 ætli þau að sækja um styrk vegna 2017?

Svar 2:

Já.

### Spurning 3:

Með fylgigögnum umsóknargagna í A er óskað eftir „Grófhönnun ljósleiðarakerfis“. Hversu ítarlegt þarf þetta að vera?

Svar 3:

Aðeins er óskað eftir upplýsingum sem sýna í aðalatriðum hvernig kerfið verður uppbyggt, meginleiðir þess og til hvaða hluta sveitarfélagsins það ná þar með talið fjölda staða. Ekki er þörf á nákvæmum kortum sem sýna hvar allar lagnir eiga að liggja eða hvernig strengir verða á hverjum stað.

### Spurning 4:

Þurfa sveitarfélög sem auglýstu eftir uppbyggingaráformum markaðsaðila vegna framkvæmda 2016 að auglýsa aftur vegna áforma 2017?

Svar 4:

Almennt séð er kostur fyrir sveitarfélög að hafa sem nýjastar upplýsingar um markaðsáform fjarskiptafyrirtækja. Hafa ber í huga við undirbúning styrktra ljósleiðaraverkefna að fjarskiptafélög afsala sér ekki möguleika á uppbyggingu á markaðslegum forsendum þó þau svari ekki auglýsingu sveitarfélags á ákveðnum tímavæðingum. Niðurstaða markaðskönnunar sveitarfélags vegna ljósleiðaraframkvæmda árið 2016 er tekin gild vegna umsókna um styrk vegna 2017.

**Spurning 5:**

Meðal þeirra gagna sem á að skila vegna hluta A í umsóknarferlinu er (nr. 3) áætlun um skiptingu kostnaðar á milli aðila. Hvers vegna er lögð áhersla á þennan þátt á þessu stigi?

Svar 5:

Nauðsynlegt er fyrir sveitarfélög að átta sig á því hvaðan nauðsynlegt fjármagn kemur til viðbótar við þann styrk sem sveitarfélaginu mun mögulega standa til boða frá fjarskiptasjóði. Einfaldast er að miða styrkumsókn við áætlaðan heildarstofnkostnaði að frádreginni annarri fjármögnun. Samanlagt eigið fjárframlag íbúa og/eða sveitarfélags þarf að ná amk. 350.000 kr. án vsk.

Við ríkisstyrkta uppbyggingu ljósleiðarakerfa, óháð því hvort að styrkurinn komi frá ríki og/eða sveitarfélagi, þá skal stefnt að lágmarkun á opinberu fjárframlagi. Mikilvægt er að gleyma ekki mögulegu fjárframlagi fjarskiptafyrirtækja sem lið í því að lágmarka ríkisstyrkinn. Nýleg dæmi eru um að sveitarfélög hafi fengið um og yfir 300.000 kr. kauptilboð frá fjarskiptafyrirtækjum fyrir hverja tengingu í nýju kerfi. Að sama skapi eru dæmi um að sveitarfélag hafi fengið verulega gott tilboð í rekstur á nýju kerfi.

**Spurning 6:** Farið er fram á staðfestingu með A hluta umsóknar um styrk að „kannað verði á hönnunarstigi með hagkvæma nýtingu fyrirbyggjandi innviða og samlegðar með öðrum jarðframkvæmdum“.

- Hvenær er slík nýting talin vera hagkvæm?
- Hverjum ber að bjóða fram sína fyrirbyggjandi innviði berist ósk um slíkt og hvernig eru slík afnot verðlögð?
- Geta eigendur fyrirbyggjandi innviða sem bjóða sveitarfélagi þá til afnota beint eða verðleggja þá sem hluta af eigin tilboði, útilokað aðra bjóðendur frá afnotum af sömu innviðum á sömu verðum?
- Geta eigendur fyrirbyggjandi innviða, sem ekki ber að bjóða þá öðrum, neitað sanngjarnri beiðni um afnot af þeirra innviðum?

Svar 6a: Ef núvirkt kaupverð eða gjald fyrir afnot af fyrirbyggjandi innviðum út áætlaðan líftíma ljósleiðarakerfisins er að lágmarki jafnt eða lægra en kostnaður við byggingu á sambærilegum innviðum að teknu tilliti til mismunandi rekstararkostnaðar eftir því sem við á, þá telst sú nýtingin vera hagkvæm. Að sama skapi þá telst hagkvæm samlegð með öðrum jarðframkvæmdum vera til staðar leiði samlegðin til lægri kostnaðar en ella í sjálfstæðri framkvæmd.

Svar 6b: Almennt er eigendum fyrirbyggjandi innviða ekki skylt að bjóða aðgang að þeim. Í tilviki Mílu er fyrirtækinu þó skylt að verða við sanngjörnum óskum um aðgang að innviðum félagsins sem eru bundnir kvöðum um aðgang.

Svar 6c: Já, eigendur fyrirbyggjandi innviða aðrir en Míla geta gert það. Míla getur ekki synjað um sanngjarnan aðgang að fyrirbyggjandi innviðum félagsins sem eru bundnir kvöðum um aðgang. Verð fyrir aðgang að slíkum innviðum fer samkvæmt gjaldskrá og er Mílu ekki heimilt að reikna þá á lægra verði í mögulegu eigin tilboði.

Svar 6d: Já, eigendur fyrirbyggjandi innviða aðrir en Míla geta gert það.

**Spurning 7:**

Í tölulíð 5 í „Tæknilegir skilmálar“ segir að ekki fái styrkur fyrir tengingu gistihúsa til útleigu. Getur þetta verið rétt? Er ekki réttara að miða t.d. við að þeir staðir sem hafa útgefið rekstrarleyfi t.d. til gistiþjónustu og/eða veitinga séu styrkhæf?

Svar 7:

Hér er verið að horfa til þess þegar einstaklingar eða lögaðilar leigja út sumarhús beint eða gegnum leigumiðlanir eins og Airbnb. Slík „gistihús“ eru ekki styrkhæf. Eins er algengt að hafa smáhýsi til útleigu í tengslum við aðra formlegri gistaðstöðu. Slík smáhýsi eru ekki heldur styrkhæf. Hótel og gistiheimili eru að jafnaði styrkhæf. Horft er til styrkhæfis atvinnuhúsnaðis hafi fólk þar fasta viðveru að staðaldri allt árið í atvinnuskyni.

**Spurning 8:** Í tölulíð 8 í „Úthlutun styrkja“ er talað um að lágmarksframlag sveitarfélags sé 350.000 kr. Er það með eða án vsk.? Er þetta sama og 250.000 kr. í 2016 viðmiðunum þ.e. upphæðin sem gert var ráð fyrir að íbúar greiði?

Svar 8: Allar upphæðir í skilmálum eru án vsk. Samanlagt lágmarksframlag íbúa og sveitarfélags 2017 pr. tengingu þarf að ná amk. 350.000 kr. í fjármögnun verkefnisins. Ef íbúi greiðir t.d. 200.000 kr. þá þarf sveitarfélagið að leggja til amk. 150.000 kr. til þess að eiga kost á styrk á grundvelli Ísland ljóstengt 2017. Ekkert slíkt skilyrði um lágmarksframlag var að finna í skilmálum vegna úthlutunar 2016. Fyrir liggur að öll styrkt sveitarfélög 2016 leggja sjálf (sveitarfélag+notendur) til amk. 350.000 kr. pr. tengingu í fjármögnun sinna verkefna.

**Spurning 9:**

Hvaða útboðsskylda hvílir á sveitarfélögum á grundvelli mismunandi eignarhalds og niðurstöðu markaðskönnunar?

Svar 9:

Staða og nálgun sveitarfélaga er nokkuð fjölbreytt. Afstaða til eignarhalds er mismunandi. Áhugi markaðsaðila er mismikill og breytist. Uppbyggingaráform markaðsaðila með eða án styrkja þarf að kanna á formlegan hátt með opinberri auglýsingu þar sem kallað er eftir markaðsáformum án styrkja (leið A) eða áhuga á uppbyggingu með styrk (leið B).

Sjá nánar: <https://www.pfs.is/fjarskipti/ljosleidarauppbygging-og-rikisstyrkir/#Kafli-1>

*Skilyrði um markaðskönnun óháð fyrirkomulagi eignarhalds eða rekstrar*

Ætíð verður að kanna með markaðsáform, leið A. Tilkynni fjarskiptafyrirtæki um slíkt með áreiðanlegum hætti þá er frekari aðkoma sveitarfélagsins óþörf gagnvart þeim byggingum sem slík áform ná til. Æskilegt er að sveitarfélag auglýsi jafnframt eftir áhuga á leið B. Slíkt gefur til kynna áform sveitarfélags og undirbýr markaðinn. Fjöldi tilkynninga um leið B gefur vísbendingu um mögulega þátttöku í útboði.

*Nánar um markaðskönnun og útboð fari sveitarfélag í alútbod á uppbyggingu, eignarhaldi og rekstri ljósleiðarakerfis*

Ef enginn eða einn aðili tilkynnir um áhuga á leið B þá er sveitarfélagi ekki formlega skylt að bjóða út, umfram það sem fram kemur um viðmiðunarfjárhæðir vegna innkaupa í III. kafla, 23. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Fjarskiptasjóður telur að samkeppnisútbod sé engu að síður ákjósanlegri leið en aðrar samningsleiðir í slíku tilfalli. Markaðskönnun á einum tímapunkti útilokar heldur ekki áhuga markaðsaðila síðar. Fjarskiptasjóður telur útbodisleið ætíð viðeigandi óháð fjölda þeirra sem svara formlega auglýsingu um leið B.

Ef tveir eða fleiri aðilar tilkynna um áhuga á leið B þá er sveitarfélagi hins vegar skylt að bjóða út. Ekki er heimilt að afmarka það útbod/valferli við eingöngu þá aðila sem tilkynntu um áhuga á leið B.

Sveitarfélagi er ekki heimilt að bjóða út uppbyggingu óvirks hluta ljósleiðarakerfis á verktakamarkaði í þeim tilgangi að afhenda eða tryggja með öðrum hætti einu fjarskiptafélagi eignarhald á ljósleiðarakerfinu.

*Nánar um markaðskönnun og útböð ætli sveitarfélag að standa sjálfst að uppbyggingu ljósleiðarakerfis áður en ráðstöfun eignarhalds og rekstrar liggur fyrir*

Ætli sveitarfélag að;

- standa sjálfst að byggingu ljósleiðarakerfis - þá þarf að bjóða út framkvæmdina,
- eiga ljósleiðarakerfið en fela öðrum reksturinn - þá þarf að bjóða út reksturinn,
- selja ljósleiðarakerfið - þá þarf það að gerast í opnu sölufærli þar sem horft er m.a. til hámarkunar söluandvirðis.

#### **Spurning 10:**

Kemur 16 greinin í tæknilegum skilmálum í veg fyrir að hægt sé að nota PON/GPON högun á styrktu ljósleiðarakerfi?

Svar 10:

Nei það gerir það ekki. Heimilt er að notast við PON högun þó að fjöldi nýrra ljósleiðaraþræða gefi jafnframt kost á heilum óskiptum ljósleiðurum milli allra staða og tengimiðstöðvar. Styrkt ljósleiðarakerfi þarf þó að hafa möguleika á P2P högun.

#### **Spurning 11:**

Í grein 12 í kaflanum „Úthlutun styrkja“ er gefið færi á styrk til að koma upp t.d. örbylgjusamböndum til að tengja staði sem annars yrði mjög dýrt að tengja með ljósleiðara. Gerir sjóðurinn í þessu sambandi einhverjar lágmarkskröfur um tækni, gagnaflutningshraða, tíðni og hvort lausnin geti nýst fleiri en einni byggingu á svæðinu?

Svar 11:

Hér er ekki gerð krafa um tiltekna tækni, lágmarkshraða eða tíðni. Hvort að lausnin geti nýst fleiri en einum notanda ættu sveitarfélög að veita sérstaka athygli. Sveitarfélög geta til að mynda leitað til rekstraraðila farnetskerfa (3G/4G) með það fyrir augum að styðja við aukna útbreiðslu farnets í sveitarfélaginu þ.a. það nái til umræddra staða og nærliggjandi svæðis.

#### **Spurning 12:**

Ekkert er fjallað um verðvernd gagnvart notendum nýrra ljósleiðarakerfa í dreifbýli í skilmálum verkefnisins. Þar sem að verðlagning ljósleiðaraheimtauga á landsbyggðinni er frjálst þá er hættu á því að mánaðargjöldin verði mun hærri en gengur og gerist á markaðssvæðum þar sem að notendur hafa aðra valkosti svo sem ljósnet.

Svar 12:

Þetta er eitthvað sem sveitarfélög verða að vera mjög vakandi fyrir. Sé kerfið í eigu og rekstri sveitarfélagsins þá liggur verðlagning á tengingum hjá heimamönnum og ætti því að vera fyrirfram ákveðin eða samkomulagsatriði á hverjum tíma. Ætli sveitarfélagið að eiga kerfið en bjóða út reksturinn þá ætti að verðlagning til notenda að vera tilgreind í samningi. Fari sveitarfélagið í alútböð á kerfinu eða selji það á seinni stigum þá ætti verðlagning til notenda jafnframt að vera tilgreind í samningi. Mælt er með því að sveitarfélög ráðfæri sig við Póst- og fjarskiptastofnun í þessum og sambærilegum málum.